

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalda er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 9 19. janúar 1967 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Þórshafnar.

1. gr.

Vatnsveita Þórshafnar er fyrirtæki, sem Þórshafnarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Þórshöfn. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Þórshafnar.

2. gr.

Vatnsveita Þórshafnar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan kaupþunsins.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við Vatnsveitu Þórshafnar, skal senda vatnsveitunefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað.

5. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum veitunnar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

Skylt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar komi leki að þeim.

6. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun enda komi þar til fullar bætur ef um skemmdir verður að ræða. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Ennfremur er vatnsveitunefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa ekki í skilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

7. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Af öllum húsum í Þórhafnarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0,1% af fasteignamati húsanna og tilheyrandi lóða, þó aldrei minna en kr. 3 000. — fyrir einbýlishús. Lágmarksvatnsskattur kr. 3 000. — skal miðaður við byggingarvísitölu með grunn 1. október 1978 og hækkar því samkvæmt henni ár hvert.

Fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi kr. 3 000. — með sama ákvæði um hækkun samkvæmt byggingarvísitölu og í 1. málsgrein. Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 0,2% af fasteignamati húsanna og tilheyrandi lóða, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 9. gr.

9. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja upp mæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn og skal þá greiða kr. 10 fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatts sem um er getið í 8. gr. Vatnsveitunefnd sér um uppsetningu og útvegum mælanna, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að að fjárhæð kr. 3 000. —.

10. gr.

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 9. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar sildar kr. 7.50, af hverju máli (sild), sem lagt er upp til bræðslu kr. 23.00, af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 100.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 20.00, af hverri kind, sem slátrað er, kr. 3.00.

Allar krónuupphæðir í gr. 9 og gr. 10 skulu miðaðar við byggingarvísitölu með grunn 1. október 1978 og hækka því samkvæmt henni ár hvert.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Þórshafnar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

12. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50 — fimmtíu af hundraði —, bæði einstaka liði og í heild án staðfestinga ráðuneytisins.

13. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er hinn sami og fasteignaskatts ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

14 gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200 000.— nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé renni í vatnsveitusjóð. Valdi einhver skemmdum á veitukerfinu, skal það bætt eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 10 19. janúar 1967 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Njarðvíkurkaupstað.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld. A.

Um þátttöku lóðarhafa við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulöð í Njarðvík, skal greiða gatnagerðargjöld til bæjarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.